

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Akranesi Akranes



|                            |                          |                                |                         |
|----------------------------|--------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 11.3.2021                | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Gottskálk Friðgeirsson  |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Brim Akranesi            | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Gottskálk Friðgeirsson  |
| <b>Heimili</b>             | Hafnarbraut 2-4          | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið             |
| <b>Kennitala</b>           | 5411850389               | <b>Flokkur</b>                 | Fiskimjölsverksmiðja    |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Björn Almar Sigurjónsson | <b>ÍSAT nr.</b>                | 15.20.7 Mjöl og lýsisv. |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                          | <b>Staðsetning</b>             | 350582,068 427101,867   |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en þrjár ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Olíu- og lýsismannvirki.
2. Kröfur í starfsleyfi:
  - a. áætlanir,
  - b. mælingar,
  - c. skýrslur,
  - d. tilkynningar og
  - e. skráningar
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Almar Sigurjónsson frá Brim hf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Loðnuvertíð var nýlokið og litla verksmiðjan bara í gangi. Engin eldri frávik eða ábendingar þarfnast eftirfylgni.

1. Farið var yfir stöðu á skoðunum og úttektum á lýsismannvirkjum. Fjórir geymar félagsins voru þykktarmældir árið 2019 og niðurgrafnar lagnir þrýstiprófaðar. Lögn L-1 er 4" lögn sem nær frá lýsisgeymum við Hafnarbraut 3B inn í hús við Hafnarbraut 2-4. Lögn L-2 liggur út úr sama húsi og neðanjarðar inn í ketilhús. Lögn L-3 liggur síðan neðanjarðar út úr ketilhúsi og að dæluhúsi við lýsisgeymi A.

Aðrar lýsislagnir (m.a. útskipunarlögn) eru ofanjarðar og aðgengilegar fyrir sjónskoðun.

Tveir olíugeymar vegna olíukatla eru skráðir hjá fiskimjölsverksmiðjunni. Olíugeymar sem eru beintengdir ákveðinni starfsemi og án afgreiðslubýssu teljast húsageymar. Um húsageyma gilda ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, greinar 40 til 43.

Geymarnir eru frá 1993 og 1996 og eru í svokallaðri „brók“ eða poka sem er lekavörn. Lekaeftirlit skal að jafnaði vera birgðauppgjör á mánaðarfresti.

Birgðageymir Olíudreifingar ehf. er við Hafnarbraut 3A og neðanjarðarlögn (O-1) frá honum í daggeymi Olís hf. og neðanjarðarlögn (O-2) áfram inn í ketilhús verksmiðjunnar. Þrýstiprófa þarf neðanjarðar olíulagnir O-1 og O-2.

2. Farið var yfir áætlanir sem kröfur eru gerðar um í starfsleyfi. Gæðastjóri fyrirtækisins heldur utan um og uppfærir áætlanir eftir þörfum. Nýjar útgáfur af áætlunum voru sendar strax eftir að eftirliti lauk.

Mælingar sem kröfur eru um eru framkvæmdar og voru gögnin skoðuð á fundinum. Ekki er fundið að neinu en þó bent á að gildi fyrir COD frá þvottaturnum er hátt. Sjór er tekinn úr höfninni og er COD gildi fyrir sjósýni hátt. Fulltrúi rekstraraðila ætlar að skoða þetta betur. Síðast þegar þetta gerðist þá orsakaðist það af brotnum eimsvala í eimingartækjum í verksmiðjunni. TVN gögn berast með skilum. Skýrslur eru allar í höfn en næsti lokafrestur á skilum er 1. maí nk.

Tilkynningar berast skilmerkilega. Farið var yfir skráningar og hvar þær eru að finna. Gögnin eru mörg hver unnin upp úr kvittunum þjónustuaðila.

3. Farið var yfir endurbættu útgáfu af áhættumati fyrir fiskimjölsverksmiðjur. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu starfseminnar.

4. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist frá síðast eftirliti. Engin mengunaráhöpp hafa orðið. Hefðbundinn rekstur hefur verið í gangi utan þess að í tvö ár var stóra verksmiðjan ekki sett í gang þar sem vertíðarfiskur hefur ekki gefist vestanlands.

Farið var í skoðun á verksmiðjunni með fulltrúa rekstraraðila. Katlar og ketilhús skoðað, síðan gengið um stóru verksmiðjuna og mjölvinnslu. Skoðaðar viðgerðir á lýsislögn þar sem hún kemur inn í húsið. Allt snyrtilegt að sjá og ekki fundið að neinum umbúnaði.


## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að eigendur / forráðamenn niðurgrafinna olíugeyma (ODR og OLÍS) þurfa að fylgjast þarf með ástandi þeirra. Lekaeftirlit skal að jafnaði vera birgðauppgjör.
2. Rekstraraðila er bent á að láta eigendur / umráðamenn olíugeyma og olíulagna (ODR og OLÍS) þrýtiprófa niðurgrafnar olíulagnir á fimm ára fresti.
3. Finna þarf ástæður þess að COD gildi í frárennismælingum hafa hækkað. Losunarmörk fyrir COD eru 1,5 kg/tonn hráefnis.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.04.2021



Gottskálk Friðgeirsson